

11. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

20. september 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:30

Mætt eru: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Una Hildardóttir (UH), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir og Inger Erla Thomsen (IET), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:55

Dagskrá:

1. Fundargerðir til samþykktar:

- a. [Fundargerð](#) 9. stjórnarfundar var samþykkt eftir samþykki með fyrirvara á 10. stjórnarfundum.
- b. Farið var vel yfir [fundargerð](#) 10. stjórnarfundar, sem var ólöglegur fundur og var hún samþykkt óbreytt.

2. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

- a. TI fundaði með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna formennskuverkefnis Íslands í Nordbuk.
- b. TI fer á Nordbuk fund 7.-8. nóvember, en Ísland mun taka við formennsku af Svíþjóð.
- c. Vegna setu í Nordbuk nefndinni mun TI sækja Loftlagsráðstefnuna í Póllandi í byrjun desember.

3. **Leiðtogaskólinn:** [Þjálfarateymi LUF](#) er tilbúið á heimasíðu, allar upplýsingar um skólann hafa verið [uppfærðar](#) og [umsóknarformið](#) er opið.

4. Alþjóðamál:

- a. TI fer sem varamaður LMJ á fund Ráðgjafaráðs Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks sem haldinn verður í Strasbourg 15.-16. október.
- b. LMJ segir frá fundi með Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sem fór fram 12. september. Á fundinum óskaði LUF eftir formlegu samstarfi við félagið í að koma á fót ungmennafulltrúum Íslands á viðburði Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Youth Delegation Programme).
- c. RKF segir frá Evrópsku ungmennaráðstefnunni í Vínarborg og leggur fram skýrslu til stjórnar.

5. Alþingismál:

- a. Rætt var um [fjárlagafrumvarpið](#), málefnasvið 18.4 um æskulýðsmál. Ákveðið var að gera athugasemdir við það ef tími gefst, einkum varðandi aðkomu ungs fólks að stefnumótun.
- b. Rætt var um [tillögu til þingsályktunar](#) um dag nýrra kjósenda. Að mati stjórnar eiga slík frumkvæði heldur að koma frá ungu fólki og tryggja ætti að utanumhald verði í höndum ungmennafélaga. Fjallað verður nánar um drög að umsögn á næsta fundi.

6. 2. Fulltrúaráðsfundur 24. september kl. 18:15-20:00:

- a. Tillaga LMJ að dagskrá var samþykkt.
- b. TI var falið að senda út fundarboð á ráðið.
- c. LUF hefur fengið fyrirspurning um fjarfundarbúnað frá fulltrúum erlendis og utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórn ákvað að fulltrúaráðsfundir séu í persónu, þar sem aðildarfélögin skipa sinn fulltrúa er alltaf kostur á að senda varamenn.

7. Næsti stjórnarfundur er áætlaður 4. október kl. 18:15.

8. Önnur mál: Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:42

UH ritaði fundargerð.